— Ásgrímur Jónsson Aldarminning

Framhald af bls. 15

gangar í París, létu sér fátt um finnast. — Hér kemur greinilega fram, að Ásgrímur gerðist fyrstur Íslendinga til að hrífast og meðtaka impressjónistana og þetta var nokkru áður en Jón Stefánsson hélt til Parísar og gerðist nemandi Henri Matisse, en hann laðaðist þó frekar að myndheimi Cézanne. Hrifnæmi Ásgríms fyrir nýjum viðhorfum varð mikill ávinningur fyrir íslenzka myndlist, hafði ómæld áhrif á þróun hennar og varð sporgöngumönnum Ásgríms til eftirbreytni um frjálslyndi og viðsýni.

Hér var strax í upphafi mörkuð sú heillaríka stefna, sem réð því, að íslenzk myndlist tengdist fljótlega evrópskum nýlistarstraumum og varð ekki utangarðsfyrirbæri í norrænni myndlist. Að vísu var þetta þá list dagsins í gær í evrópskri framúrstefnulist, og nýjar listastefnur voru hvarvetna að skjóta frjóhnöppum viðsvegar í álfunni, en það væri sem að krefjast ofurmannlegra kraftaverka að ætla Ásgrími að meðtaka þau gildi umbúðalaust þ.e. að sjá yfir öll þróunarskeið. Hjá Ásgrími tekur næst við stutt viðdvöl í München og síðan þriggja vikna dvöl í ítölsku listaborginni Flórenz, en því næst var haldið til Rómar og barið að dyrum hjá hinu alkunna pensjónati Dinesen, þar sem Einar Jónsson hafði áður dvalið og józku frúnni var í fersku minni. Í Róm dvaldi hann sumarlangt og næsta vetur þar til hann heldur heimleiðis í marz. Hann fór víða um í kynnisferðir meðan á Rómardvölinni stóð, m.a. til þorpanna sérstæðu í Albano og Sabínafjöllunum, Rocca di Papa og Tivoli, en þar var svalara loftslag yfir hásumarið en í Róm. Einnig fór hann til Napoli og Sorrento, smábæjarins undurfagra við Napoliflóann. Minntist hann einkum Napolidvalarinnar vegna hins frábæra málverks Pieter Bruegels (1520—1569), **„Blindingjarnir“**, eða réttara **„Blindur leiðir blindan“**, en sagt er að hinn niðurlenzki málari hafi, haft borgarstjórnina í heimabyggð sinni í huga, er hann málaði myndina!

Dvölin á Ítalíu varð Ásgrími tímabil mikils þroska, og þótt hann málaði ekki mikið og þá aðallega íslenzk viðfangsefni þá skoðaði hann söfnin þeim gaumgæfilegar, náttúruna, mannfólkið og landið, og hefur örugglega gert sér margar ferðir í hinn einstæða og risastóra almenningsgarð, Villa Borghese, en þar eru tvö listasöfn í ævagömlum höllum.

Á heimleið sinni kom Ásgrímur við í Berlín og hafði dvölin þar mikla þýðingu fyrir list hans, og íslenzka myndlist í heild, með því að þar öðlast hann fyrstu veruleg kynni af frönsku impressjónistunum, og einkum var þar mikið safn mynda eftir Renoir, og það undarlega kom fram að Ásgrími fannst hann hafa þekkt hann frá upphafi vega.

Heim til Íslands er Ásgrímur alkominn um Jónsmessuleytið sama ár búinn starfslöngun og bjartsýni. Mun ég gera starfsferli Ásgríms hér heima nokkur skil um leið og ég rita um þá stóru sýningu á myndum Ásgrímssafns, sem framundan er.

Ásgrímur Jónsson er fyrsti Íslendingurinn á þessari öld, sem gerir málaralist að ævistarfi sínu, Þórarinn B. Þorláksson vann eingöngu að málverki í fristundum sínum og á sumrin. Sextán ár með mörgum Ásgrímssýningum í Vinaminni liðu frá fyrstu sýningu Ásgríms þar til nýir myndlistarmenn koma til sögunnar með marktækar sýningar. Kjarval hafði þó efnt til sýningar í ágústmánuði 1908, en það var sýning byrjanda og bar þar mest á **„eðlisgáfunni og lærdómsleysinu“**, samkvæmt umsögn í Lögréttu. **„Ég ætla að það hafi verið fyrsta eða annað ár mitt í Vinaminni (1909—10), að til mín kom alvarlegur ungur maður, hár og grannvaxinn og leit út fyrir að geta verið sjómaður. Erindi hans var að falast eftir kennslustundum í teikningu og málverki, en ég var tregur til og færðist undan því. Ég sá strax, að gestinum urðu þetta sár vonbrigði og spurði hann mig, hvort hvergi mundi þá auðið að fá slíka kennslu hér í bænum. Mér gekkst hugur við, er ég fann, hvað honum var námið mikið kappsmál, og fór svo, að ég hét honum nokkurri tilsögn. Ég gat þó ekki, eins og á stóð, bætt manni á vinnustofu mína og varð það að ráði, að ég gengi til hans um skeið.“**

Um og eftir 1920 komu þeir allir heim, þroskaðir og agaðir listamenn, Kjarval, Muggur og Jón Stefánsson. Er mér ráðgáta hversvegna hinn fjölhæfi Muggur telst ekki í röð brautryðjendanna, því að margt sem hann vann hafði aldrei verið gert áður í íslenzkri myndlist.

— Ásgrímur Jónsson var alla tíð fáskiptinn og dulur, hann helgaði listinni allt sitt líf, var svo höfsamur á veraldleg efni, að við meinlæti jaðraði. En hann var örlátur miðlari þekkingar til hinna yngri, styrkti félaga sína er áttu í erfiðleikum, m.a. með því að kaupa verk þeirra þeim óvitandi, og jafnvel að útvega þeim verkefni að tjaldabaki, og greiða fyrir úr eigin vasa. Hann hafnaði heldur ekki að sýna með þeim yngstu og róttækustu, færu þeir fram á það, því að hann vildi veg þeirra sem mestan, trúr þeirri viðsýni er hann hafði þegið í vöggugjöf.


Hér fór maður auðugur af manngildi, ríkur af listgáfu, sá sanni vormaður þjóðar sinnar, sem var samtíð sinni fyrirmynd og sporgöngumönnum fagurt fordæmi og reisti sér óbrotgjarnan minnisvarða.

Fyrstu minningar frumbernsku Ásgríms tengdust rauðum feiknstöfum og eldrúnum, sem ristu dimmt himinhvolfið, og hinn ungi sveinn skynjaði þann háska og jafnframt hrikadýrð, sem er samfara lífinu á þessari jörð.

Á ævikvöldi dreymdi Ásgrím draum, sem raunar ávallt var einn og samur: **„Mér hefur þótt sem ég kæmi gestur eftir langa útivist á æskuheimili mitt og er þá allt, sem ég sé, með sömu ummerkjum og í gamla daga. En það, sem hefur gert mér þennan draum sérstæðastan og haft hefur á mig dýpst áhrif, er hin undursamlega ró og kyrrð, sem hvílt hefur yfir öllu, svo að ég hef aldrei skynjað jafndjúpan og hugljúfan frið, hvorki í vöku né svefni. Það gerist ekki neitt, en allt í þessum draumi er eilíft og heillandi.“**

— Var ekki heiðríkjan, sem stöðugt fylgdi Ásgrími Jónssyni í lífi og starfi, að minnast hér við sinn kæra mögur?

Bragi Ásgeirsson.



Olof G. Tandberg

heldur tvo fyrirlestra í fundarsal Norræna hússins:

Fimmtudag 4. mars kl. 20:30
Nordiskt naturvetenskapligt UNESCO-samarbete
Laugardag 6. mars kl. 16:30
Kurderna har inga vänner
Allir velkomnir
Íslensk-sænska félagið Norræna húsið.

NORRÆNA HÚSIÐ POHJOLAN TALO NORDENS HUS

einhver afgreiðslan opin
allan daginn



		KL. 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19
AÐALBANKINN BANKASTRÆTI 5	SÍMI 27200	
ÚTIBÚIÐ LAUGAVEGI 172	SÍMI 20120	
AFGREIÐSLAN UMFERÐARMIÐSTÖÐ	SÍMI 22585	
BREIÐHOLTSÚTIBÚ ARNARBAKKA 2	SÍMI 74600	

VERZLUNARBANKINN

LITAVER LITAVER LITAVER LITAVER LITAVER LITAVER LITAVER LITAVER LIT

Sértilboð í teppum

★ HÖFUM SÉRTILBOÐ Í TEPPUM, NÆSTU TVÆR VIKUR.

Lítið við í Litaveri, því það hefur ávallt borgað sig

LITAVER
Grensásvegi 18
(Hreifilshúsinu)

LITAVER LITAVER LITAVER LITAVER LITAVER LITAVER LITAVER LITAVER LIT